



Ársskýrsla fagdeildar bráðahjúkrunarfræðinga starfsárið mars 2016 - apríl 2017

Félagafjöldi: 127

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Anna María Þórðardóttir gjaldkeri, Ardís Henriksdóttir ritari, Betsý Kristinsdóttir meðstjórnandi, Brynhildur Ingimundardóttir meðstjórnandi, Helga Rósa Másdóttir, formaður

Félagsgjald: 2000kr

Stjórnarfundir: 3 stjórnarfundir ásamt samskiptum gegnum lokað vefsvæði.

Innlend starfsemi:

Stjórnarfundur EUSEN (European Society for Emergency Nursing) var haldinn hér á landi þann 24-25. maí. Meðlimur fagdeildar bráðahjúkrunarfræðinga situr í stjórn EUSEN og komu hingað 4 stjórnarmeðlimir frá Evrópu. Unnið var m.a. að hæfniviðmiðum fyrir hjúkrunarfræðinga er vinna á bráðamóttökum (Competencies for Emergency Nurses)

Bráðahjúkrunarfræðingar og fagdeildarmeðlimir voru afar duglegir að sækja sér fræðslu á erlendar ráðstefnur síðastlið ár. Af Bráðamóttöku HSS fóru 7 hjúkrunarfræðingar á ráðstefnu ENA (Emergency Nurses Association) í Los Angeles. Það sóttu 17 hjúkrunarfræðingar af Bráðamóttöku LSH Fossvogi ráðastefnuna 2nd Global Conference on Emergency Nursing & Trauma Care í Sitges á Spáni. Einnig sóttu tveir hjúkrunarfræðingar EUSEN (European Society for Emergency Nursing) ráðstefnu í Vín sem er sameiginleg ráðstefnu EUSEM (European Society for Emergency Medicine). Þess má geta að fagdeildarmeðlimir fluttu bæði erindi og voru með veggspjöld á ráðstefnum í Sitges og Vín.

Haldið var skemmti- og fræðslukvöld þann 26. október í húsnæði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, þar sem hjúkrunarfræðingar sem sótt höfðu vísu á erlendar ráðstefnur fluttu erindi og sögðu frá því sem þótti áhugaverðast og nýjast á þessum þremur ráðstefnum í Los Angeles, Sitges og Vín. Einnig var boðið upp á veitingar og eflingu tengslanets.

Haldið var málþing þann 18.nóvember til heiðurs Eyrúnu B. Jónsdóttur sem hætti störfum sem verkefnastjóri Neyðarmóttöku þolenda kynferðisbeldis. Fagdeild bráðahjúkrunarfræðinga var sönn ánægja að styrkja málþingið og greiddi fyrir sal og þjónustu málþingsins.

Fenginn var hönnuður til þess að teikna upp merki (logo) fagdeildar bráðahjúkrunarfræðinga í ásættanlegri upplausn og í nokkrum útgáfum.

Reglulegar færslur á facebook síðu fagdeildar bráðahjúkrunarfræðinga
<https://www.facebook.com/search/top/?q=fagdeild%20bráðahjúkrunarfræðinga>

Innlendur styrkur frá Fíh

Greiða fyrirlesurum og greiðsla fyrir veitingar á fræðslu- og skemmtikvöldi fagdeildarinnar þann 26. Október 2016.

Greiða hönnuði fyrir að teikna upp merki fagdeildar bráðahjúkrunarfræðinga

Greiðsla á sal og þjónustu vegna málþings til heiðurs Eyrúnu B. Jónsdóttur þann 18. Nóvember 2016.

Starf nefnda innan fagdeilda t.d. fræðslunefnda

Ekki starfandi sérstök fræðslunefnd innan fagdeildar bráðahjúkrunarfræðinga.

Styrktarsjóður

Greitt fyrir flug og gisting fyrir 1 stjórnarmeðlim EuSEN á fund stjórnar EuSEN og sameiginlega ráðstefnu EuSEN og EuSEM í Vín 1.-5.október 2016.

Greitt fyrir hluta gistingar og flug fyrir annan fulltrúa fagdeildar sem var með 2 erindi á EuSEN ráðstefnu í Vín 1.-5.október 2016.

Erlent samstarf

Stjórnarfundur EUSEN (European Society for Emergency Nursing) var haldinn hér á landi þann 24-25. maí.

Fagdeild bráðahjúkrunarfræðinga er meðlimur í European Society of Emergency Nurses (EuSEN) sem Evrópusamtök bráðahjúkrunarfræðinga, stofnuð 2012. Meðlimur fagdeildarinnar var kosinn í stjórn EuSEN í nóvember 2014. Hann fór á stjórnarfund í Reykjavík 24.-25. maí og til Vínar 1.-5.október 2016.

29. mars 2017

Helga Rósa Másdóttir formaður fagdeildar bráðahjúkrunarfræðinga